

# HEIMIR



VI. árgangur

WINNIPEG, 1910.

9. blað.

## MARKVÖRÐURINN

### I.

Hann gekk, með lund svo liðstyrks-gjarna  
á leikvöll sinna héraðs-barna  
og hafði með sinn mælikvarða,  
sem markið átti að sýna og varða.  
Hann bar í muna miðið hæsta,  
en meinaðist við því lægra en næsta.  
Hann sá til bragð með sigri að glíma,  
en synjaði um allan vaxtar-tíma.

### II.

Og æskan var af honum hreykin,  
í hönd hans greip : Æ, skakka leikinn !  
Að vísu bagar unga-aldur  
oss æsku-lýð, og hark og skvaldur  
mun einatt verða í viðleitninni  
svo vafturs-meira íþróttinni !

Og hvekk't ei þann sem kröftum safnar  
 þó kvaðir hans sé ei þínum jafnar.  
 Þeir gleggstu af þinni leikni læra  
 og lága markið ofar færa.  
 Og hvað sem þér er vettug-virði  
 ei verða lát að fyrir-girði  
 á meðkend þess: að þetta skemsta  
 sem þér finst, sé vort getu fremsta !

## III.

Hann gengdi svo: "Ég gengi af viti  
 við gabbíð það, að deila um liti !  
 Þið stagið kross á stöng og serki  
 og stingið upp sem leiksviðs-merki!  
 Og stælið um við sterka kauða,  
 að stafa þá bláa eða rauða !  
 Á fífla-leika fauta og glópa,  
 eg fyrirlitning nína hrópa !"

## IV.

"Þér skjátlar !" mæltu manna-efni,  
 "það merki er drögum við í stefni  
 að vísu er brella barna-vitsins—  
 Ei berjumst um það vegna litsins !  
 En til að ganta gassa-snáða,  
 sem gullum okkar vilja ráða,  
 þá drembni, sem í lagi og liti  
 vill lækka oss sinni tign og viti !  
 Svo nema vaxnir hnoss að hreppa:  
 um hégómann í æsku að keppa !  
 "Sízt þarftu veilu að hásemdhæla,  
 né hrokann upp í gorti mæla—

en, láðu ei svo: að sýna, ið verra,  
 á sveif þig geti talið herra!  
 Þó sjáir hámarks-hitni skeika,  
 þá hlífðu þeim sem framar leika!  
 Og okkar rýrð ei ryddu í hina  
 sem réttlætning' um hrak-leiknina."

## V.

Hann krækti að sér kápu sinni  
 og kvaddi í fússi—Leikgleðinni  
 við hvarf hans fanst sem auðnar-ama  
 hann eftir skildi. En hélt við sama.

## VI.

Hann ríkti allra víta vörður  
 á veldis-stól, sem hár var gjörður.  
 Hann vissi að sálða, sýja, vega  
 svo sannleiks-rétt—en ómaklega,  
 unz rangúð beisk með brjósti svölu  
 hann bókaði nærri vina-tölu.  
 Hann virti hlíf af vorgræðingi  
 á vaxtar-smæð á einstaklingi.  
 Öll framgangs-vitund huldist honum  
 af hæð á stórum of-ætlonum.

## VII.

Og einn og sér hann syrgði að kveldi  
 hjá sögum þuldum eigin feldi,  
 með hjarta-kalsins eymsli inni  
 í umbúðum af hátign sinni  
 Hann stundi þungt: "Mér varð til víta

Dá viðburði að fyrirliða !  
 Því hitt er sér, á heimskra þingum  
 að "húrra" fyrir ávinningum.  
 En fólkska var að fyrirmunna  
 þeim: fákeyping í guðskistuna.

26-2-10

*Stephan G. Stephanson*

## Upphaf og þroskun únítaratrúarinnar í kristnu kyrkjunni

(*Framhald*)

Þrenningarkenning Aþanasíusar og áhangenda hans ruddi sér smám saman til rúms í löndunum við Miðjarðarhafid og þrengdi skoðunum þeim, sem við Arius voru kendar, norður á bóginn til þjóðanna, sem voru farnar að færa sig nær og herja á rómverska ríkið. Seint á fjórðu öldinni var uppi maður, sem hafði afar mikil áhrif á guðfræði orþódoxu kyrkjunnar, er vörðu niður eftir miðöldunum og eru ennþá við lýði í kaþólsku kyrkjunni ; maður þessi var Ágústínus. Árið 387 snérist hann til kristinnar trúar og gerðist brátt einn af ákveðnustu formælendum rétttrúnaðarins. Í æsku hafði hann mentast í heimspeki hinna svo nefndu Ný-platóninga, sem var þá aðalstefnan í heimspeki á meðal mentaðra Rómverja. Á þann hátt hafði hann komist í kynni við kenningar Platós og annara forngrískra spekinga, eins og þær birtust í ný-platónsku heimspekinni. Þessar skoðanir, sem hann fékk í æsku, komust inn í guðfræði hans eftir að hann varð kristinn. Guðshugmynd hans var í raun og veru grísk eingyðishugmynd, en við hana bætti hann þrenningarkenningunni, án þess að geta nokkurn tíma, að ýmsra áliti, sameinað þessar tvær hugmyndir til fulls. En aðalkenning Ágústínusar er kenningin um fall mannsins og guðlega náð.

Hans skoðun var að hinum fyrsta manni, Adam, hefði verið algerlega í sjálfsvald sett að syndga eða syndga ekki. En þar sem hann kaus að syndga, steypiti hann öllu mannkyninu í synd. Þess vegna fæðast allir menn syndugir og geta ekki orðið hólpnir nema fyrir náð guðs. Þessa kenningu aðhylltust margir og mynduðu úr henni forlagatrú, sem hafði þær afleiðingar í för með sér, að menn álitu allar tilraunir mannsins sjálfs til siðferðisfullkomunar þýðingarlausar.

Þessi kenning Ágústínusar var ekki lengi látin mótmælalaus. Pelagíus nokkur, munkur frá Bretlandi, og Celestius lærisveinn hans andmæltu henni í Róm í byrjun fimtu aldar. Þessi andmæli voru byrjunin á langri og harðri deilu, sem endaði með því að Pelagíus og Celestius, ásamt öllum fylgjendum þeirra, voru dæmdir villutrúarmenn af kyrkjuni.

Þó að deila Pelagíusar við kyrkjuna ekki snerti þrenningar-kenninguna, er hún samt þýðingarmikil fyrir sögu únítarísku stefnunnar, vegna þess að hún snerist um það sama sem síðar, öðru fremur, orsakaði aðskilnað úní tara frá orþódoxu kyrkjuni.

Á meðal þjóðflokka, sem á fimtu öldinni brutust inn í rómverska ríkið og lögðu undir sig ýmsa hluta þess, voru sumir kristnir, en aðrir heiðnir. Þeir sem kristnir voru, voru fylgjendur Ariusar stefnunnar, eins og tekið hefir verið fram. Þegar þeir settust að í Ítalíu, Norðuráfríku og víðar sömdu þeir sig brátt að síðum fólksins, er fyrir var. Í trúarbrögðunum átti hið sama sér stað, þeir hneigðust meira og meira að þeim kenningum, sem búíð var að viðtaka í kyrkjuni yfirleitt. Þegar Frankakonungurinn Hlöðvér lét skírást 496, eftir að hann hafði breitt ríki sitt út austur á bóginn, tók hann trú kyrkjunnar og neitti allra krafta til að útbreiða hana á meðal Germananna fyrir austan sig. Þannig smá útbreiddist sú kristindómsstefna, sem hafði orðið ofan á í Níkeupinginu 325, en hin, sem þar hafði orðið að lúta í lægra haldi fyrir henni, varð einnig að víkja á útjöðrum hins þáverandi mentaða heims, þar sem hún um stundar sakir hafði fundið griðastað.

Á áttundu öld kom upp deila á Spáni og Frakklandi viðvíkjandi *upphafningarkenningu*nni. Sú kenning hafði haldist við á Spáni frá því á fjórðu öld, þó leynt færi, og biskup einn þar tók sér fyrir hendur að verja hana. Aðrir biskupar risu upp á móti og út af því spanst deila, sem varaði all-lengi. Frakkneskur biskup einn að nafni Felix var ákveðnastur talsmaður *upphafningarkenningarinnar*. Enn á kyrkjubíngi 799 voru skoðanir hans dæmdar villutrú og hann sjálfur hneptur í fangelsi. Karl, mikli keisari, sem var krýndur í Róm árið 800 gerði sér alt far um að útbreiða rétta kyrkjutrú í hinn víðlenda ríki sínu. Undir hans stjórn varð kyrkjan að ríkiskyrkju í strangasta skilningi, og lengi upp frá því voru páfarnir ýmist á valdi keisaranna, eða keisararnir á valdi páfanna, en báðum var jafn umhugað um, að leyfa engar trúarskoðanir, sem gátu skift kyrkjunnar.

Næstu þrjú hundruð árin eða meira var lítið rætt um þrenningarkennunguna. Deilurnar á níundu og tíundu öld snérust um altarisakramentið, forlög og náð og fl. Skólaspekingarnir svo nefndu gerðu sér alt far um að útskýra kenningar kyrkjunnar svo að þær kæmu ekki í bága við hugsunarhátt og þekkingu hinna mentuðu. En skoðanir þeirra voru gersnauðar af öllu frumlegu; þær voru ekkert annað en röksemdafærsla um gamlar kenningar, sem oft og einatt urðu að smámunalegustu hártögunum.

Á tólftu öldinni byrjaði afturkast á móti hinu veraldlega valdi kyrkjunnar og munuðlífi klerka og kyrkjuhöfðingja, sem því fylgdi. Afturkast þetta gerði vart við sig í villutrúarflokkum, sem þá voru uppi, og í stofnum betlimunkareglanna. Orsakir þess voru mótmæli gegn valdi kyrkjunnar, sem voru farin að gera vart við sig hjá einstöku lærðum mönnum, og áhrif sem bárust austan að úr Donárdalnum, þar sem að miklu óbrottnara trúarlíf en það sem alment var í kaþólsku kyrkjunnar hafði átt sér stað frá byrjun. Villutrúarflokkarnir urðu fyrir hinum grimmi-legustu ofsóknum.

En þrátt fyrir það þó kyrkjan gerði sitt ýtrasta til að bæla niður allar hreyfingar, sem á nokkurn hátt gátu rýrt hið verald-

lega eða andlega vald hennar, gat hún samt ekki komið í veg fyrir það sem verða vildi. Á þrettánda og fjórtánda öldinni urðu umbótahreyfingarnar enúþá tíðari og kyrkjunnar erfðari. Endurvakning grísku mentunarinnar bæði í gegnum áhrif arabískra mentamanna og svo til fulls með komu fræðimanna til Ítalíu, er Balkanskaginn féll í hendur Tyrkjum, gróf grundvöllinn undan mörgu því er kyrkjan hafði bygt og enginn hafði áður leyft sér að hreyfa við. Öll þessi umbrot voru sama eðlis og siðbótin, sem fylgdi á eftir þeim. Einkenni þeirra var leit aftur í tímann eftir einhverju sem hægt væri að setja upp á móti kenningum og venjum kyrkjunnar. Í trúaratridunum var það eðlilega biblían, sem varð grundvöllurinn, er umbótamennirnir vildu byggja alt á. Efasemdir þeirra voru varfærnislega settar fram og komu lítið í bága við aðalskoðanirnar. Þeir reyndu að halda friði við kyrkjuvaldið eins lengi og þeir gátu. En þegar það tókst ekki, og ekki var um annað að gera en að skilja við kyrkjuna eða láta allar umbætur falla niður, fóru nokkrir að verða djarfari og leggja allar kyrkjukenningar undir dóm skynseminnar.

Þegar þeir Lúther og Zvingli höfðu byrjað umbætur sínar á þýzkalandi og í Sviss kom fljótt í ljós að margir voru ekki ánægðir með skoðanir þeirra. Nálægt 1520 var flokkur manna til í Sviss, sem vildi ganga lengra í mótmælum sínum gegn kyrkjunnar en Zvingli gerði. Hreinn biblíu-kristindómur var markmið hans. Þessi flokkur var nefndur endurskírara-flokkurinn, því hann hélt fram að ungbarnaskírni væri ekki í samræmi við kenningar biblíunnar. Í þessum flokki voru til menn, sem létu þá skoður, í ljósi, að þrenningarkenninguna væri ekki að finna í biblíunni, en það var aðeins skoðun fárra, sem ekki var fýsilegt að halda fram. Flokkurinn óx mjög, þar til hann var ofsóttur jafnt af mótmælendum sem kaþólsku kyrkjunnar, þá tvístraðist hann víðsvegar.

En brátt kom maður til sögunnar, sem bæði gagnrýndi kaþólska og mótmælenda guðfræði betur en Endurskírarárnir gerðu og einnig hikaði sér ekki við að halda skoðunum sínum fram til þrautar. Mikael Servetus var fæddur í Spáni árið 1509

og af heldra fólki kominn. Hann stundaði laganám frá því hann var 16 ára gamall þar til hann var 20, en las um leið guðfræðisrit af mesta kappi. Þegar hann var tvítugur fylgdi hann Quintana, spánverskum munki, er var skriftafaðir Karls keisara fimta, til Ítalíu, þar sem hann var viðstaddur krýningu keisarans, og þaðan til Þýskalands á Ágsborgarþingið 1530. Á þessari ferð kyntist hann siðbótarmönnum þýzku—það er ætluð sumra að hann hafi persónulega kynst Lúther—og skoðunum þeirra. Hvort sem áhrifin, er hann varð fyrir frá þeim voru mikil eða lítil, þá yfirgaf hann Quintana alt í einu og settist að í Basel í Sviss. Þar komst hann brátt í ritdeilu við einn af siðbótarmönnum, Oecolampadius, um þrenningarkenninguna. Skömmum síðar gaf hann út fyrstu bók sína “Um villur þrenningarkenningarinnar, (De trinitatis erroribus) Bók þessi er mótmæli gegn þáverandi skilningi manna á þrenningunni, en kenningunni er hvergi beinlínis neitað. Hún vakti mikla eftirtekt á meðal guðfræðinga og viðtökurnar, sem hún fékk á meðal mótmælenda guðfræðinganna voru alt annað en vingjarnlegar. Efalaust hefir Servetus álitid ráðlegt að draga sig í hlé, hann fór til Frakklands og dvaldi þar næstu 20 árin. Á meðan hann var á Frakklandi nefndi hann sig Michel de Villeneuve, eftir fæðingarþorpi sínu. Á þessum árum las hann fyrst læknisfræði í París og kendi síðan og stundaði lækningar. Samtímis fékst hann við sögulega rannsókn á biblíunni, sem þá var alveg óþekt. Eftir að hafa lokið rannsókn sinni á biblíunni byrjaði Servetus á aðal ritverki sínu “Kristindómurinn endurnýjaður” (Christianismi Restitutio) þegar hann hafði lokið við það sendi hann Kalvín, sem þá stóð á hæðsta tindi veldis síns í Genf eftirrit af handritinu og bað hann um að láta álit sitt í ljósi. Kalvín svaraði með því að senda bók eftir sjálfan sig og ritaði með, að í henni væri sínar skoðanir að finna; en vini sínum einum skrifaði hann, að ef Servetus kæmi til Genf skyldi hann ekki sleppa lifandi þaðan. 1553 var lokið við að prenta bók Servetusar og þúsund eintök voru send út til að seljast. Servetus sendi Kalvín enn á ný eintak. Það eintak er ennþá til í bókasafninu mikla í París. Aðeins það og annað eintak til,



sem er að finna í keisaralega bókasafninu í Vín eru enn við lýði af þessari upprunalegu útgáfu. Þegar bókin kom út var Servetus óþektur á Frakklandi undir sínu rétta nafni, og bókin bar ekki með sér hver hafði skrifað hana; en Calvin gerði kaþólsku yfirvöldunum í Lyons undir eins aðvart um höfundinn, og var hann strax tekinn fastur og þær bækur hans, sem þar fundust gerðar upptækar. Rannsóknarrétturinn dæmdi hann sekan um villutrú og hefði hann ekki sloppið úr fangelsinu, þá hefði hann verið brendur á Frakklandi. Fjóra mánuði fór hann um huldu höfði á Frakklandi og reyndi að komast undan til Ítalíu. Síðan tók hann það óheilla ráð að fara til Sviss. Hann kom til Genf á laugardegi og var svo óskiljanlega djarfur að vera viðstaddur messu þar daginn á eftir. Hann þektist og var óðara tekinn og settur í fangelsi. Eftir langdregna rannsókn var hann loks brendur 26. október 1553. Kalvín hafði gert alt sem hann gat til að Servetus yrði dæmdur til dauða, en hann ráðlagði að hann væri tekin af lífi með sverði en ekki eldi. Sú ráðlegging hafði samt sem áður engin áhrif á þá sem dæmdu hann; það var hið svo nefnda "lægra ráð" í Genf og samanstóð af 25 leikmönnum. Þeir dæmdu hann sekan um útbreiðslu vantrúar, og samkvæmt gömlum keisaralegum lögum var hegninginn, sem við því lá, dauðdagi á báli.

Sköðanir þær, sem Servetus lét lífið fyrir vöru að mörgu leyti ólíkar þeim, sem nú eru nefndar únítarískar sköðanir, en þær voru eigi að síður neitun á þrenningarkenningunni, eins og hún var skilin þá bæði af mótmælendum og kaþólsku kirkjunni. Hann leggur alla áherzluna á manninn Jesús Krist, sem hann viðurkennir að hafi verið guð; móttöðumenn hans aftur á móti lögðu alla áherzluna á aðra persónu guðdómsins, sem tók á sig mannsgerfi í Jesú. Annað atriði í sköðunum hans, sem vert er að taka fram, var siðferðislegt frjálsræði einstaklingsins. Þessi sköðun var gagnstæð því sem Kalvín kendi um forlög og fyrirfram ákveðna sælu eða vansælu manna. Hvað guðshugmynd Servetusar viðvíkur virðist sem hann hafi verið algyðistrúarmaður, enda var það ekki óalgengt fyrir og um hans daga að sköðanir manna hneigðust í þá átt.

Sköðanir Servetusar breiddust út, eins og við var að búast þar sem þær höfðu mætt jafn mikilli mótspyrnu, og höfðu allmikil áhrif. Sérstaklega féllu þær á frjósamau jarðveg í Ítalíu. Þar voru fyrir tvær stefnur í frjálslyndisáttina. Í fyrsta lagi voru sumir af mentamönnum þeim, er höfðu kynt sér forngrískar bókméntir fúsir til að gagnrýna allar kenningar kyrkjunnar, og í öðru lagi höfðu sköðanir Eudurskíraranna borist til Ítalíu og fengið þar talsvert fylgi. En rannsóknarrétturinn leitaði uppi alla sem létu opinberlega í ljósi sköðanir andstaðar kyrkjunnar. Þar afleiðandi flúðu margir, sem ekki voru óhultir sköðana sinna vegna til annara landa. Nokkrir þessara ítölsku flóttamanna komu til Sviss, en urðu að leita þaðan aftur, ef þeir voru ekki Kalvín og hans fylgjendum sammála í öllu. Pólland og Transylvanía voru einu löndin, þar sem að þessir menn gátu verið óhultir um líf sitt sköðana sinna vegna.

Á Póllandi höfðu pólitískar hreyfingar orsakað meira trúfrelsi en annarstaðar átti sér stað. Aðallin hafði stutt málstað kaþólsku kyrkjunnar, en alþýðan neyddi hann til að rýmka allmikið til bæði hvað trúarbragðaleg og stjórnarfarsleg réttindi snerti. Þess vegna gátu þeir, sem hvergi annarstaðar gátu haft sköðanir sínar óáreittir haldið þeim fram þar, án þess að verða fyrir miklum ofsóknum. Ítalskir frjálstrúarmenn fluttu þangað sköðanir Servetusar og annara, er höfðu svipaða stefnu og hann, og þær náðu fljótt útbreiðslu. Sá hét Georg Blandrata, ítalskur læknir, er hafði dvalið í Genf og kynst Kalvín, sem mest starfaði að því að útbreiða únítarískar sköðanir á Póllandi. Um 1560 var stofnaður þar únítarískur söfnuður í bænum Krakau og innan fárra ára var risinn upp óháður og allmargmennur flokkur á Póllandi með únítarískum sköðunum.

Sá sem mestan og beztan þátt átti í myndun stefnu þessa flokks var annar Ítali Faustus Sósínus að nafni. Föðurbróðir hans, Lelio Sosínus, hafði sezt að í Sviss og var þekktur að því að hafa mjög frjálslugar sköðanir þó honum tækist að láta sýnast sem hann væri Kalvín sammála. Sósínus yngri flúði undan rannsóknarréttinum til Sviss og fór þaðan til Póllands laust fyrir 1580. Þar vann hann í 25 ár, þar til hann dó, að útbreiðsla sköðana sinna og myndun únítarískrar kyrkju.

Sósínus var mjög frjálsslyndur; hann neitaði þrenningar-kenningunni, guðdómi Krists, persónulegri tilveru djöfulsins og siðferðislegu falli mannsins. Hann var maður ágætlega vel mentaður og dugandi leiðtogi. Þegar hann dó voru margir af mentuðustu og atkvæðamestu mönnum landsins á meðal fylgjenda hans. Eftir hans daga stóð kyrkja sú, sem hann átti svo mikinn þátt í að stofna ekki lengi. Pólland var kaþólskt land og Jesúítarnir unnu að því af öllum kröftum að eyðileggja hina nýju trú. Ósóknum gegn henni var komið af stað og í kringum 1660 voru allir fylgjendur Sósínusar gerðir laudrækir. Sumir þeirra fóru til Þýskalands, Hollands og jafnvel til Englands, en flestir fundu þó griðastað á meðal trúbræðra sinna í Transylvaníu.

Fyrsti stofnandi únítara kyrkjunnar þar var Blandrata sá, sem áður er getið. Hann fór þangað frá Póllandi eftir að hafa dvalið þar nokkur ár. Konungurinn Jón Sigismundur var hinni nýju stefnu hlyntur og þau 14 ár sem hann ríkti náði hún mikilli útbreiðslu. En sá sem mest gerði til að stofnsetja únítara-kyrkjuna þar var maður að nafni Francis David. Hann hafði mentast í Wittenberg hjá Lúther og Melankton og tekið lúterska trú þar, en í deilunni á milli fylgjenda Lúthers og Kalvíns út af altarissakramentinu snérist hann til Kalvínustrúar. Eftir að hafa kynst Blandrata hafnaði hann algerlega þrenningarkenningunni og gerðist únítari. Hann jafnvel gekk lengra í neitun allar þeirra kenninga, sem honum virtist of líkar kenningum kaþólsku kyrkjunnar en Blandrata og aðrir skoðanabræður hans. Þess vegna kom missatti nokkurt á milli þeirra, og David var varpað í fangelsi að undirlagi Blandrata og þar dó hann skömmu síðar.

Eftir dauða Sigismundar konungs var frelsi únítaranna mjög takmarkað af kaþólskum stjórnendum, en smám saman fengu þeir þó samskonar réttindi og aðrir trúflokkar. Síðan hefir tala þeirra stöðugt farið vaxandi og nú eru þeir ein af hinum viðurkendu kyrkjum, sem eru styrktar af ríkinu á Ungverjalandi.

(*Framhald*)

## HLUTDRÆGNI

Í sumum héruðum Íslands er það síður sjómanna, að skipta aif-  
 anum í jafna hluti, þegar á land  
 er komið. Hver maður fær eina  
 hlut og bátseigandi einn eða tvo  
 fyrir bátsnotkunina. Vanalega  
 skiftir formaður bátsins. Á upp-  
 vaxtarárum mínum heyrði ég get-  
 ið um förmenn, sem sagt var að  
 hefðu haft lag á því, að láta  
 stærri fiska koma í sinn hlut en  
 annara, þegar þeir skiftu; sérstak-  
 lega þegar þeir áttu hlut að máli,  
 sem ekki voru nógu einbeittir að  
 halda rétti sínum fram.

Það er líklega vandfundið dæmi,  
 sem sýnir hlutdrægnina betur en  
 þetta. Samkvæmt samkomulagi  
 áttu allir að fá jafnt, og sam-  
 komulagið bygðist á þeirri vissu,  
 að allir yrðu að leggja jafnt á sig,  
 til að afla fiskjarins. Þeir menna,  
 þess vegna, sem beittu brögðum  
 eða ofríki til að rýra hlut annara  
 og auka sinn, brutu á móti rétt-  
 ketistilfinningu allra réttssýnna  
 manna.

Hugsunarhátt þann, sem þetta  
 einfalda dæmi er sýnishorn af, má  
 finna mjög víða; það þarf að eins  
 að grafa ofurlítið djúpra eftir hon-  
 um. Hann kemur fram í viðskifta-  
 lífinu í ótal myndum. Alt rang-  
 lætið, sem þar er framið, felst í  
 þessu, að menn rýra hlut annara  
 til að auka sinn.

Margir framúrskarandi gáfu-  
 menn og mikilmenni hafa fengið að  
 kenna á þessu. Hlutur þeirra hefir  
 verið rýrður af öðrum, vegna þess  
 að þeir vissu, að sinni mundi  
 stækka við það. Aðferðin dugar  
 vanalega vel, þegar um viður-  
 kenningu almennings er að ræða;  
 þá er auðvelt að auka sinn hlut  
 með því að rýra annara, án þess  
 að mikið beri á. Þegar kexki  
 heimspekingsurinn Schopenhauer  
 byrjaði að halda fyrirlestra við  
 háskólann í Berlín, stóð Hebel á  
 hæsta tind frægðar sinnar bar.  
 Schopenhauer var að vísu ósnar-  
 á að rífa niður skoðanir Hegels,  
 enda lékk hann enga áheyrn. Hann  
 varð að slytja til Frankfurt og  
 hætta við að verða háskólakenn-  
 ari. Ólarir hans juku á fræð Heg-  
 els, því hér varð mótstöðumaður  
 hans sama sem að játa sig yfir-  
 uminn; og til lítils sóma fyrir  
 Hegel hefir síðan verið sagt, að  
 hans áhrif hafi átt drjúgan hátt í  
 því, að hlutur Schopenhauers í  
 Berlín varð því sem næst ekki  
 neitt. Síðar sagði Schopenhauer  
 sjálfur: "Sá tími mun koma, að  
 hver maður, sem ekki veit, hvað  
 ég hafi sagt um þetta eða hitt,  
 mun verða álitinn óupplýstur". —  
 Það má segja, að þessi sváðómur  
 rættist bókstaflega á Þýskalandi  
 um tíma. Ameríkumenn hafa aldrei  
 viðurkennt hinn langmesta ljóð-

smilling sinn, Edgar Allan Poe, eins og vert er, vegna þess að hann var hálfgerður uppreisnarmaður á móti ýmsum öllum, er hafi ríkt í andlegu lífi þjóðarinnar. Sama mátti segja um Gest Pálsan og Íslendinga. Þessir smillingar hafa orðið að ganga með minni hlut frá borði, en þeim í raun og veru þar, til þess að hlutur annara gæti orðið stærri.

Ill álög eru það á oss Vestur-Íslendingum, að vér skulum vilja rýra hlut sumra þeztu sona ættjarðar vorrar. Án þess hefði verið þægt að taka þátt í málum þeim, en eru þjóðarinnar mestu áhugamál. Í meira lagi barnalegt hlýtur það að sýnast hverjum þeim, sem reynt hefir að fylgjast með því, sem gerst hefir á Íslandi nú á síðustu tímum, hversu mikið far margir hér vestra hafa gert sér um, að draga allt það vænsta og þezta yfir í hlut þeirra, sem ekki hafa fremur öðrum til þess unnið. Hlutdrægni, hvornig sem hún er

til orðin, hefir gert hluttöku vora einhlíða og á margan hátt ósamgjarna; hún hefir, því miður, hja mörgum stungið heilbrigðri dómgreind svefnþorn og gert þá að flokksmönnum með öllum verstu einkennum flokksfylgisins.

Það er ómurleg fíflska, að ætla sér að hljóta frægð með því að rýra álit annara. Hafi maður ekkert betra til mála að leggja, er lang-bezt að hafast ekkert að. Dómur sögunnar fellur altaf á móti þeim, sem í eigingjörnum tilgangi rýra hlut annara. Geri menn það af misskilningi, er eina ráðið, að losna við misskilninginn og eignast réttari skilning. — Það eitt er réttlæti, að láta hvern og einn eiga þann hlut, sem honum ber, samkvæmt verkum sínum í öllu því, sem er ávöxtur starfsemi hans. Það réttlæti getur enginn troðið undir fótum, án þess að verða minni maður í augun réttssýna manna. G. Á.

## Yngsta bókin í Gamlatestamentinu

Söguleg rannsókn Eibliunnar eða þarri kítikin svo nefnda, hefir, eins og kunnugt er, gjörbreytt skoðunum manna á eðli og uppruna margra rita í henni. En máske er engin bók eftirtektaverðari í þessu tilliti en Daniels-bókin. Samkvæmt eldri skoðunum er hún

ein af spádómsbókunum og líks eðlis og rit þeirra spámanna, sem voru uppi fyrir og um herleiðinguna. Í staðinn fyrir að vera það í raun og veru, er bókin, eins og hún sjálf ber með sér, mörg hundruð árum yngri, lýsir allt öðrum viðburðum en þeim, sem ærdust

á þeim tímum, og er rituð í alt öðrum tilgangi en spámannaritin.

Daníels-bókin smitist í tvo hluta. Fyrri hlutinn samanstendur af 1-6 kap. og sá síðari af 7.-12. kap. Í fyrra hlutanum er sagt frá því, sem kom fyrir Daníel og vini hans þrjá, Hananja, Mísael og Asarja, sem höfðu verið sluttir sem bandingjar frá Jerúsalem til Babýlon, við hirð Babýloníu konunga. Nebúkadrezzar konungur skipar að velja af Ísraelsmönnum nokkra unga menn, sem áttu að mentast í sömu fræðum og vitringar og saringamenn konungsins. Daníel og vinir hans eru á meðal þeirra. Þeir meyta ekki kjötsins, sem fyrir þá er borið, en það helir engin áhrif á holdafar þeirra. Konunginn dreymir draum, sem hann gleymir, og þegar vitringar hans geta ekki sagt honum bæði drauminn og ráðningu hans, lætur hann drepa þá. En Daníel segir konunginum bæði drauminn og ráðninguna og frelsar þannig líf sitt.

Síðan lætur konungurinn gera gull-líkneski og býður að allir skuli tilliðja það. Daníel og vinir hans eru kærðir fyrir, að vilja ekki tilliðja líkneskið, og er þeim samkvæmt boði konungsins kastað í glóandi eldsofn; en það sakar þá ekkert. Konungurinn kannast þá við, að þeirra guð sé máttuori en allir aðrir guðir. Þessi konungur er Nebúkadrezzar, en í 5. kap. er sagt frá öðrum konungi, Belsazar,

sem á að hafa verið eftirmaðir Nebúkadrezzar. Hann heldur veizlu mikla í höll sinni, og er drykkjan stendur sem hæst, sér hann hönd, sem ritar á vegginn orð, sem enginn skilur nema Daníel. Ráðning hans rættist sömu nóttina, er Belsazar er drepinn af Dariusi Meda-konungi. Í 6. kap. er sagt frá, að embættismenn Daríusar hafi öfundað Daníel og komið konunginum til að skípa, að enginn maður megi liðja til nokkura daga nema til sín. Daníel heldur áfram að liðja til síns guðs, og honum er kastað í ljónagröfju. Ljónin gera honum ekkert mein, hann er látinn laus, en óvinnum hans kastað í gryfjuna. Enn á neviðurkennir konungurinn, að guð Daníels sé meiri en allir aðrir guðir.

Tilgangurinn, sem lýsir sér í þessum 6. kap., er að sýna fram á, að guð Ísraelsmanna yfirgefi aldrei fólk sitt, í hvaða hættu sem það er stött, og geti frelsað það frá öllu illu, ef það að eins trúir á hann og treysti honum. Þess háttar tilgangur er eðlilegur og skiljanlegur, skoðaður í sambandi við tímabili, er slík uppörfun gat haft þýðingu fyrir þjóðina. Sem söguleg frásögn er bókin alveg óskiljanleg, vegna misskilnings þess og þekkingarleysis, sem allstaðar kemur í ljós.

Höf. byrjar með því, að gefa langt tímatal viðvíkjandi flutningi Gyðinganna til Babylon. Þar næst kveður hann ráð fyrir, að Daniel, strangtrúaður Gyðingur, hafi orðið einn af saringamönnunum við konungshirðina, sem er óhugsandi. Hann segir, að Nebúkadrezzar hafi verið óðr í sjö ár, sem sagan getur hværgi um. Belsazar á að hafa verið eftirmaður hans, sem er sögulega rangt. Darius sá, sem höf. lætur vinna ríkið af Belsazar, er óþekt persóna í sögunni. Alt þetta sýnir, í fyrsta lagi, að bókin hlýgur að hafa verið rituð eftir herleiðinguna, og í öðru lagi, að tilgangur höfundarins var ekki að rita sögu herleiðingartímabilsins. Þrestum fræðimönnunum, sem hafa kagurýnt bókina, ber nú samant um, að í draumnum í öðrun kapitula sé átt við fjögur konungsríki: Babyloníu, Persíu, Medíu og Grikkland; og konungsríkið, sem á að koma eftir öll þessi, samkvæmt ráðningu draumsins, er framtidarríki, sem hefir guðlegan uppruna. Draumurinn er leyndarheiminnfullur spádómur, sem hefir skilning höfundarins á sögunni inni að halda. Samkvæmt því getur bókin ekki hafa verið rituð fyrir gríska tímabilið, sem hefst með siguryrningum Alexanders mikla. Það er atkun sumra, að með fjórða ríkinu sé átt við Rómverska keisarademið, en sú skoðun, að

gríska ríkið sé hið fjórða, er alment viðtekin.

Síðari hluti bókariunar er um sýnir, sem báru fyrir Daniel og sem voru útskýrðar fyrir honum af Gabríel engli. Í þessum trásögum talar Daniel í fyrstu persónu. Í 7. kap. er sagt frá fjórum dýrum, sem komu upp úr sjónum. Fjórða dýrinu er lýst bannig, að það hafi verið máttugast og hraðilegast. Auðsjáanlega eiga dýrin fjögur að þýða það sama og skifting líkneskisins í fjóra hluta í draumnum. Fjórða dýrið á þá að tákna gríska ríkið, og hornin elíofu eru stjórnendur ríkisins. Hruturinn og geithafurinn í 8. kap. virðast einnig eiga að tákna það sama. Í 11. kap. er lykkillinn gefinn að öllu því, sem sagt hefir verið. Höfundurinn lýsir þar svo nákvæmlega viðhurðum, án þess þó að nefna nokkur nöfn, að það er hægt að sjá með vissu, hvenær bókin var skrifuð. Himu voldugi konungur (3. v.) er Alexander mikli. Ríki hans mun verða brotið í sundur og draft í allar áttir. Höfundurinn rekur nákvæmlega viðskifti Egyptalands og Sýrlands eftir daga Alexanders niður til Antiokusar Ípifanesar. Ant. Ípifanes er hin fyrirliða persóna í 21. versinu. Hann hrifsaði undir sír völdin á Sýrlandi, er bróðir hans, Selevsus fjórði, dó árið 175 f. Kr. Hann ofsótti Gyðinga og

saurgæði og rænti musterið. Í of-sóknun þessum tóku margir gríska trú, í staðinn fyrir sína eigin þjóðar trú, og strang-trúaðir Gyðingar hafa hlotið að finna, að þörf var á, að hvetju þá, sem veikir voru í trúnni, að sleppa ekki leðratrú sinni. Daniels-bókin var ætluð til að vera þess konar hvöt, og hún var skrifuð á þeim tíma, er hennar var þörf. Í öðrum orðum, hún varð til vegna kringumstæða þeirra, sem hún skýrir frá. Í 33. versni 11. kap. virðist vera átt við Makkabea upp reistina. Eftir því ætti bókin að hafa verið rituð eftir að hún áti sér stað, en á undan breinsun og endurvígslu musterisins sem Júdas Makkabeus lét gera árið 165 f. Kr. Árið 166 f. Kr. ætti þess vegna að vera mjög nálægt sanni, sem ár það, er bókin var samin. Það er ætlun maræra, að eldri munumali sé að finna í bókinni. Það er ekkert hægt að lærum herleiðinguna af henni. Alt það, sem sagt er um Nebúkadnezar, er algerlega óáreiðanlegt, og sögulegt gildi hefir bókin ekkert, nema yfir tímabil Ant. Epífanesar og næstu konunga á undan honum.

G. Á.

## Starf Ameríska Únítarafélagsins á síðastliðnu starfsári þess

Samkvæmt skýrslum yfir starfsemi Ameríska Únítarafélagsins frá 1 maí 09-30 apríl 10 hefir það á því tímabili látið prenta 542,500 bæklinga til ókeypis útbýtingar um landið þvert og endilangt. Níu tölublöð af mánaðarritinu "Word and Work," sem inniheldur fregnir af starfsemi og framförum únítarísku kirkjunnar í Bandaríkjunum og Canada hafa verið gefin út. Og af hverju tölublaði hafa yfir 5,000 eintök verið send út ókeypis. Ennfremur hefir félagið gefið út 9 nýjar bækur um guðfræðileg og félagsfræðileg efni á árinu. auk nokkurra eldri bóka, sem hafa verið endurprentaðar. Það hefir gengist fyrir alþjóðafundi frjálstrúarmanna, sem á að haldast í Berlín á þýzkalandi í sumar 6 til 10 ágúst, og sendi í því skyni einn af starfsmönnum sínum til Englands, Frakklands, Hollands, Sviss, Þýzkalands og Danmerkur í fyrrasumar. Þetta er fimti alþjóða fundurinn, sem haldin er undir umsjón félagsins og taka menn frá mörgum



löndum þátt í honum. Frá Ameríku fara um 200 fulltrúar. Í sambandi við þennan fund verður haldið 400 ára afmæli únítara kyrkjunnar á Ungverjalandi. Til 103 safnaða og trúboða í Bandaríkjunum og Canada hefir félagið veitt 57,508 dollara á árinu, 14 nýjir söfnuðir hafa verið stofnaðir og fimm kyrkjur bygðar. Á meðal innflytjenda til Bandaríkjanna og Canada heldur félagið algerlega uppi eða styður únítarískt trúboð og söfnuði hjá eftirfarandi þjóðflokkum: Svíum, Norðmönnum, Íslendingum, Finnum og Ítölum. Tekjur félagsins á árinu voru \$149,043.68 og útgjöld \$144,170.93. Af tekjunum voru því nær 50 þús. dollara gjafir frá söfnuðum, yfir 21 þús. gjafir frá einstaklingum, yfir 65 þús. fekkur af eignum, afgangurinn tekjur af ýmsu tagi. Af útgjöldunum gengu nær 60 þús. til útbreiðslu og hjálpar söfnuðum í Bandaríkjunum, nær 6 þús. til útbreiðslu í öðrum löndum, til bóka útgáfu rúmar 7 þús., laun starfsmanna rúm 21 þús., afgangurinn til ýmsra útgjalda.

Þetta er ágríp af starfsemi félagsins á einu ári. Vitaskuld nær það ekki til starfsemi konferenzanna innan þess, að svo miklu leyti sem hún er ekki styrkt, á einhvern hátt af félaginu. Og, eins og allar skýrslur, gefur það eðlilega mjög litla hugmynd um vöxt og viðgang únítarískra skoðana.

---

## UNDRAMYNDIN

EFTIR SARAH NOBLE—IVES

---

Allir íbúar bæjarins Nulleparte voru frámunalega starfsáttir. Þeir gáfu engu minsta gaum nema verzlun og iðnaði og gengu um með niðurbeygð höfuð hugsandi um hvað þeir væru að gera og hvað þeir ættu að gera næst. Þeir höfðu engar tólmstundir til skemtana, og jafnvel ástaræfintýri unga fólksins voru stutt og bygð á verzlunarlegum grundvelli.

Einn dag kom ókunnugur maður þar í þorpið og bað um stóra loftið yfir járnvörubúðinni til leigu.

“Hvað ætlarðu að gera við það? spurði járnmangarinn.”

“Eg ætla að hafa það fyrir vinnustofu. Eg er málari og heiti Fanient.”

Járnmangarinn hugsaði sig um. Nafnið bar fallegan útlendan keim. Það gat vel verið að hann væri frægur maður í föðurlandi sínu, og gæti því orðið þorpínu til upphefðar. Í öðru lagi sá járnmangarinn að loftið í byggingu hans mundi gefa dálítið í aðra hönd, og fólk, sem kæmi til að skoða myndir mundi mäske vanta járnvörur og þar af leiðandi mundi verzlunin aukast. Hann gerði því samning við málaraann. Fanient samþykkti, að ef hann ekki borgaði húsaleiguna á réttum tíma, þá skyldi myndin, sem hann ætlaði að mála verða eign járnmangarans.

Næsta dag flutti málariinn áhöld sín upp á loftið; stóran stranga af lérefti, pentugrind, burstu og liti. Alt þetta bar hann sjálfur upp á loftið og lokaði dyrnum, svo enginn skyldi ónáða hann við verk sitt. Stundum virtist járnmangaranum hann heyra sagarhljóð og hamarshögg ofan af loftinu, en enginn fékk hina minstu hugmynd um hvað þar væri aðhafst.

“Mér virðist þú vera nokkuð hávær yfir myndinni þinni,” sagði járnmangarinni við málaraann eitt kvöld, er hann kom ofan frá vinnu sinni.

Fanient brosti stillilega, “Eg er að leiða dagsljósið inn í híbýli þín til að vinna við,” sagði hann. Og hann lokaði dyrnum vandlega eins og hann var vanur að gera.

Dagar og vikur liðu en hamarshögginn voru hætt. Fanient var samt sem áður stöðugt við vinnu sína. Hann kom snemma og fór seint. Um síðir var stór og vönduð umgjörð flutt að járnvörubúðinni, og Fanient bar hana sjálfur upp á loftið. Allan þennan tíma hafði járnmangarinn ekki fengið neina húsaleigu.

“Gott og vel,” sagði hann við sjálfan sig. “Eg fæ þó myndina, og ef að hún er jafnstór þessari völdugu umgerð, þá er hún nægilega stór til að hylja eina vegginn í borðstofunni

minni." Svo hann var mjög þolinmóður og var jafnvel fariinn að halda að það mundi vera betra að fá myndina en húsaleiguna.

Loksins kunngerði málarinn að myndin væri fullger og til sýnis fyrir hvern sem vildi. Aðgönguugjaldið var að vísu nokkuð hátt, en forvitni fólksins var upptendruð, og það kom hópum saman til að sjá málverkið. Fyrst komu bæjarbúar, þá fólk úr nærliggjandi sveitum, og síðast fólk úr fjarliggjandi bæjum, því orðrómur þessarar undramyndar hafði víða flogið. Fólkið tróðst ákafafullt upp þrönga stigann og í öðrum enda salsins, á dálitlum umgirtum bletti varð það að taka sér sæti og horfa á málverkið, sem var í hinum endanum í fallegu umgerðinni. Þó alt loftið væri myrkt og skuggalegt virtist myndin vera uppljómuð eins og af töfraglampa, svo allir ráku upp undrunaróp þegar þeir fyrst litu hana, en svo sögðu þeir ekki meira, heldur stöðdu á þetta dásamlega listaverk frá sér numdir af undrun.

Myndin var af landslagi. Í æsingi sínum leit fólkið fyrst á það fjarlægasta og sá bláfjöllin í fjarska, að mestu hulin í dökkbláum skugga rakra þokuskýja, sem sólargeislarnir slóu fögrum lit á yfir tindum þeirra. Nokkru nær var breitt engi með líðandi halla, og lágur öldur á bakka fljóts, sem lá eins og fegurblár þráður eftir miðju enginu. Næst var lágur kjarrskógur, og eitt stórt og tilkomumikið eikartré, er huldi að mestu leyti rautt húspak, sem eggði á á bak við það. Fólkið horfði á þetta dásamlega málverk alveg steinhissa. "Hann er dásamlega fjölbæfur listamaður!" sögðu allir í einu hljóði, og þeir hneigðu sig lágt fyrir Fanient, sem tók undir með sínu einkennilega stillilega brosi.

"Skýin virkilega hreyfast," sagði einn áhorfendanna, og þegar fluga flaug fyrir framan myndina, hefði ég þorað að sverja að það líktist meira fugli í fjarlægð.

Hvern einasta dag fylltist loftið af áhorfendum og Fanient fékk mestu kynstur af peningum. Samt fékk járnmangarinn enga húsaleigu, en hann fékst ekkert um það. Hann vissi að mynd lík þessari var mikils virði og mundi brátt veita honum gull og metorð.

Fólk úr fjarlægum héruðum hópaðist í kríng um litla gisti-húsið í Nulleparte og talaði ekki um annað en þessa undra-mynd,

“Stórkostlegt!” sagði það, “ljósið í myndinni er töfrandi,”

“Mér virðist fjöllin vera fagurraud,” sagði einn,

“Rauð!” sagði annar, “þau voru næstum svört í mínum augum, það er dásamlega máluð mynd af þrumuveðri.”

“Þið farið báðir vilt,” sagði sá þriðji. “Bjarminn frá hinni hnígandi sól var alveg frábar. Eg skil ekkert í hvernig hann gat málað gullnu móðuna yfir enginu.”

Drengur, sem hafði staðið fyrir aftan hina, hvíslaði í eyra þess næsta: “Eg hefi verið þar á hverjum degi og séð myndina og hún er aldrei eins í eitt skifti og annað.”

Fólkið þyrptist utan um drenginn og augun ætluðu út úr höfðunum á því af forvitni.

“Það er mismunandi dag frá degi,” hélt hann áfram. “Einn daginn var það grátt og þokulegt, annan daginn var það bjart af sólskini og þriðja daginn var hvassviðri. Altaf sama landslagið en í mismunandi veðri.”

“Það er ómögulegt,” kölluðu allir í einu hljóði.

“Það er þó satt,” sagði drengurinn.

“Hann hlýtur að mála það yfir á hverju kvöldi!”

“Við verðum að sjá myndina aftur!” sögðu þeir allir saman.

Svo tróðust þeir aftur upp á dimma loftið. eins margir í einu og mögulega gátu komist fyrir, Allan daginn og allan næsta dag var sífeldur straumur upp og ofan þrönga stigann. Jafnvel þeir sem annríkast áttu gáfu sér nú tíma til að skoða myndina í annað sinn; og Fanient hafði nóg að gera að taka á móti peningunum sem streymdu til hans eins og ísskrið í stór fljóti. Daginn eftir allir höfðu séð myndina í annað sinn komu þeir saman hjá litla gistihúsinu til að bera saman ályktanir sínar. Verslun og iðnaður lágu hvervetna í dái.

Einstaka maður þóttist hafa séð sömu myndina tvisvar en flestir höfðu séð hana algerlega umbreytta.

“Við hljótum að vera litblindir” sögðu sumir.

“Það eru sjónhverfingar sem málarinn leikur” sögðu aðrir  
 “Svik!” hrópaði stór og tröllslegur rauðhærður maður.  
 “Eg líð engum að leika á mig til lengdar.

“Svik!” ómaði mann frá manni. Fólkið eins og vaknaði af draumi. Það komst í akafann geðæsing og ósjálfrátt kviknaði hjá því hatur til málarans

“Flytjið málarann! flytjið Fanient hingað! hrópaði mannfjöldinn. Hann skal útskýra leyndardóm sinn. Ef hann hefir blekt okkur þá skulum við hengja hann í stóra eikartrénu þarna inni í garðinum!”

Mannfjöldinn ruddist að dyrunum hjá málaranum en þar voru harðlæstar. Með miklum hávaða lagðist fólkið á dyrnar þar til hurðin gekk í sundur og í hatursfullu æði tróðst það upp stigann og inn í verkstofuna; þar var myndinn kyr en málarinn var horfinn. Fólkið klifraði yfir borð og stóla, addi í áttina til myndarinnar, stóri rauðhærði leiðtoginn fleygði sér í bræði sinni rétt á hana og áttaði sig fyrst í blómabeði járnmangarans.

En myndin var kyr og verður þar kyr, því hún var þeirra eigið landslag, þeir höfðu horft á það en ekki þekt það sökum þess að þeir höfðu aldrei veitt fegurðinni í kringum sig neina eftirtekt, þeir höfðu allir verið of starfsamir.

Á umgerðinni, eða öllu heldur gluggakistunni var miði til járnmangarans með þessum orðum:

“Þökk fyrir loftið í húsi þínu. Myndin er þín—Fanient”

Járnmangarinn varð forviða. Hann leit á myndina sína og varð þá fyrst fyrir augum hans eikartréd í garðinum hans, sama tréd, sem fólkið ætlaði að hengja málarann í

Járnmangarinn hló, hló, hátt og lengi og leit út yfir landslagið, sem sólargeislarnir böðuðu í töfraljóma. Að síðustu sagði hann.

“Eg held að við höfum fengið peninga okkar fyllilega borgaða; við höfum lært að athuga”

*E. J. Arnason, þýddi*

## Afmyndun Landslagsins

Þýtt úr "The Christian Register"

Í mörgum bæjum og ríkjum hér í Ameríku hafa lög verið sett til að koma í veg fyrir auglýsingar meðfram strætum og vegum út um landsbygðina og á byggingum. Vér vitum ekki til að nokkur auglýsing máluð eða prentuð, sé í sjálfu sér nógu fögur til að jafnast á við það sem hún skyggir á, hvort sem það er partur af landslaginu eða sjóndeildarhringnum. Það er erfitt að hafa hendur í hári allra þeirra, sem brjóta þess konar lög vegna þess að margar ljótustu auglýsingarnar, sem eru settar meðfram járnbrautunum og fjölförnum þjóðvegum eru á eignum einstakra manna.

Eigendur jarða og útihúsa eru oft svo tilfinningarlausir fyrir fegurð þeirri, sem er umhverfis þá, að þeim er sama þó ílla hirt húsakynni og hálf-ræktaðar jarðir verði hálfu leiðinlegri til-sýndar en þau voru áður en auglýsingaspjöldin komu til sögunnar það er huggun að vita að margt af því, sem hefur verið auglýst er ekki samkvæmt tízkunni lengur og að mörg auglýsinga félög hafa tapað fé og áliti hjá skysamlega hugsandi fólki. Ef það á einhvern hátt yrði kunnugt að fólk keypti ekki varning þannig auglýstan þá mundu umbætur fljótt eiga sér stað.

Það ljóta og leiðinlega, sem hér hefir verið minst á, gæti notast sem dæmi af mannlífinu, því óprýði landslags og annara hluta sem mönnum eru dýrmætir á sér ekki eingöngu stað á þessa grófari hlið viðskiftanna. Einu sinni er vér gengum yfir grænan völl umgirtan af fallegum trjám, ofbauð oss að sjá mál-áða á stóran stein þessa skipun. "Ver reiðubúinn að mæta guði þínum." Þetta var verk einhvers trúarofstækismanns, sem ekki skildi að þetta var helgur staður. Guð var þar, samt vissi hann það ekki, annars hefði hann ekki gefið þessa áminningu á jafn grófan hátt á þeim stað.

## HEIMIR

En þetta, líkt og það sem áður var minst á, er ytra merki og dæmi þess sem liggur dýpra í hugarfarinu. Afskræming mannfélagsins, sem víða má sjá í leiklistinni, í bókmentunum og listunum, er alveg eins eftirtektarverð, alveg eins gróf og miklu hættulegri en nokkuð það sem aðeins snertir hið ytra útlit bæjanna og landsbygðarinnar. Stórmenskuleg auglýsing auðæfa opinbert hirðuleysi um velsæmi og háttprýði sýna afmyndun þess, sem Páll postuli lýsti sem einni hinni göfugustu byggingu á jörðu, musteri, sem þegar það ekki væri notaði í þjónustu höfundar þess, væri vanhelgað og lítilækkað.

Þegar maður ferðast í járnbrautarlestum og strætisvögnum, eða gengur innan um fjöldann, sem fyllir stræti stórborganna, kemur manni fyrst til hugar, að fáir sýni með framgangi sínum háttum og útliti, að þeir lifi því besta lífi, sem þeir gætu.

Flestir menn og konur, sem hafa náð að verða miðaldra virðast ekki hafa orðið það sem æska þeirra gaf vonir um. Fólk er ekki eins myndarlegt og það mundi vera, ef það hefði lifað vel og viturlega. Útlit þess er ekki eins glaðlegt og það hefði verið, ef það hefði lagt rækt við upplyftandi hugsanir og fagrar hugsjónir. Og jafnvel með tilliti til þeirra hluta, sem auka og viðhalda heilbrigði, hafa menn ekki lært listina að lifa. Það er undravert, hvaðan alt það gott fólk, sem til er kemur, en ennþá undraverðara er, að fleiri skuli ekki sjá, að með hlutum þeim, sem þeir þrá, vinna, og stríða fyrir, lækka þeir mælikvarða lífs síns og rita á andlit sér sögu ósigurs síns og ófullkunnunar, þegar þeir gætu fylgt dæmum þeirra, er með þolgæði, í því sem gott er, ná sæmd heiðri og ódauðleika.



Meiri verk en þau sem hafa verið unnin eru ennþá óunnin. Guð og alheimurinn bjóða ennþá hverri einstaklingssál tækifæri.—*Spalding.*

Trú á hið óséða, óþekta er huggun mannkynsins; sýnir hugans eru stærri en augans. Hin göfuga trú er þeirra, sem lofa ljósinu að streyma inn í sálir sínar frá hinni ótæmandi sannleiksuppsprettu, sem vökvar allan heiminn.—*Milton Reed*

Þar sem straumur andans er djúpur sést aldrei til botns. Hversu hreint og tært sem vatnið er; og það er ekki hinn ólgandi og glitrandi straumur, sem alstaðar sést til botns í, heldur hið líðandi vatns-magn árinna, altaf hljótt í miðjum farveginum en vekjandi lágan þúngan nið við bakkan, sem minnir á uppsprettuna upp á milli háfjallanna.—*Martineau.*



## HEIMIR

12 blöð á ári. 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.  
Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

Gefin út af hinu Íslenska Únitariíska Kyrkjufelagi í Vesturheimi.

### ÚTGÁFUNEEND:

Rögnv. Pétursson	Hannes Pétursson
G. J. Goodmundson	Guðm. Arnason
Friðrik Sveinsson	Gísli Jónsson

Bréf og annað innihaldi blaðsins viðvekjandi sendist til Guðm. Arnassonar, 577 Sherbrooke St. Peninga sendingar sendist til Hannesar Péturssonar, Union Bank, 577 Sargent Avenue.

THE ANDERSON CO., PRINTERS